

Sveitarfélagið Hornafjörður
Anna Bragadóttir
Hafnarbraut 27
780 Höfn í Hornafirði

Reykjavík, 16. september 2022
UST202208-106/A.B.
10.04.03

Efni: Breyting - Deiliskipulag - Útbær - Höfn í Hornafirði - Sveitarfélagið Hornafjörður

Vísað er til erindis umhverfis- og skipulagsstjóra Sveitarfélagsins Hornafjarðar er barst 12.8 sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á deiliskipulagi Útbæjar á Höfn vegna fyrirhugaðrar hótélbyggingar.

Í erindinu kemur fram að í breytingunni felst m.a. að lóðir C, G, H, D, E og F eru sameinaðar í eina lóð, lóð C-F. Byggingarmagn eykst um 4.831 m² og hámarkshæð hækkar úr 9,5 m í 12 m. Byggðin hækkar úr 2 hæðum í 3 hæðir og bundin byggingarlína við Óslandsveg fellur niður. Settir eru nýir sérskilmálar fyrir svæðið sem breytingum tekur.

Ásýnd

Þar sem tillagan gerir ráð fyrir töluverðum framkvæmdum á óröskuðu landi er mikilvægt að halda raski í lágmarki.

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að framkvæmdir á svæðinu falli vel að umhverfinu og að svæðið hafi yfir sér svip vandaðs frágangs svo að ekki komi til sjónrænna áhrifa er gætu haft neikvæð áhrif á aðkomu að fólkvanginum.

Hér er um að ræða áætlanir um aukið byggingarmagn. Auk þess er verið að hækka byggingar, í annað skiptið, þar sem upphaflega tillagan gerði ráð fyrir að byggingar yrðu hæstar 7,5 metrar. Umhverfisstofnun bendir á að skipulag lóðanna verður mjög breytt ef tillagan nær fram að ganga, byggingar verða hærri og umfangsmeiri og sjónræn áhrif verða meiri.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur